

Berist til velferðarnefndar Alþingis.

12. apríl 2023

Umsögn FÁH við frumvarp 80/153
um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994

Við hjá Félagi ábyrgra hundaeigenda (FÁH) fögnum því að verið sé að færa löggjöf um hundahald í fjöleignarhúsum í betra horf hvað varðar bættu stöðu hundaeigenda.

Við höfum heyrt sögur af mörgum hundaeigendum sem hafa lent í vandræðum með núverandi reglur og hafa jafnvel neyðst til að flytja, ekki þó vegna þess að hundarnir þeirra séu til vandræða heldur vegna óbilgjarnra nágranna.

Það hefur líka komið í ljós að þrátt fyrir að lögin virðist vera nokkuð skýr hvað varðar $\frac{2}{3}$ samþykki í stigagangi, þá er alls ekkert auðvelt né einfalt fyrir hundaeigendur að fá samþykkinu þinglýst þrátt fyrir að það sé fjallað sérstaklega um það í núverandi lögum *“til að það haldi gagnvart síðari eigendum í góðri trú”*.

Ábending við 1. gr. frumvarpsins.

Í ljósi þess að það eru sannarlega til dæmi um fólk með bráðaofnæmi fyrir hundum teljum við eðlilegt að gefa öðrum íbúum fyrirvara áður en hundur kemur inn í hús þar sem er sameiginlegur inngangur eða stigagangur. Við teljum því eðlilegt að við 33. gr. e bætist eftirfarandi málsgrein *“Áður en dýr kemur í hús skal eigandi tilkynna húsfélaginu skriflega um dýrahaldið í þeim tilfellum þar sem um að ræða sameiginlegan inngang eða stigagang”*.

Okkur þykir mikilvægt að fram fari heildarendurskoðun á lögum um hundahald og að öll lög tengdum hundum verði færð undir einn hatt og einn eftirlitsaðila.

Að okkar mati er algjör tímaskekkja að eftirlit með hundahaldi skuli falla undir marga aðila. Eftirlit með fjöleignarhúsalögunum fellur undir Kæruneftnd húsamála, eftirlit með allri dýravelferð fellur undir Matvælastofnun og eftirlit með taumskyldu og óþrifnaði fellur undir heilbrigðiseftirlit. Eftir að lög um dýravelferð tóku gildi 2013 hefur hlutverk heilbrigðiseftirlits í hundaeftirliti snarminnkað og þrátt fyrir að eftirlit með lögum um fjöleignarhús falli ekki undir valdsvið heilbrigðiseftirlits þá hefur það engu að síður oft á tíðum tekið að sér þetta eftirlitshlutverk.

Á sama tíma og hundaeigendum hefur fjölgað og hundamenning hefur batnað þá er ennþá við lýði kerfi sem var komið á 1984 og hefur aldrei verið endurskoðað nema að mjög litlu leyti síðan. Einn angi af þessu kerfi er meint eftirlit með hundahaldi sem 99% af hundaeigendum verða aldrei varir við en greiddu engu að síður yfir milljarð í eftirlitsgjöld á árunum 2007-2020, milljarð sem hefur ekki skilið neitt eftir sig til hagsbóta fyrir hundaeigendur.

Það verður einnig að teljast mjög óeðlilegt og í andstöðu við góða stjórnsýslu að í landinu séu 46 ólíkar hundasamþykktir í gildi. Sumar hverjar mjög gamlar og margar stangast á við núgildandi dýravelferðarlög og stjórnsýslulög.

Að eiga hund á að vera gaman og margar rannsóknir hafa sýnt fram á jákvæð áhrif hundahalds á fólk á öllum aldri og öllum stigum þjóðfélagsins. Vert er að vekja athygli á að nýlegar rannsóknir hafa sýnt fram á að hunda- og kattahald dregur úr líkum á fæðuofnæmi hjá ungum börnum ¹⁾.

Núverandi lög um fjöleignarhús hafa sett upp þröskuld fyrir efnaminna fólk til að eignast og halda hund því eina tryggingin sem fólk hefur gagnvart því að halda hund í friði er búseta í sérbýli eins og lögin eru í dag.

Virðingarfyllst,
Félag ábyrgra hundaeigenda

- 1) Associations between fetal or infancy pet exposure and food allergies: The Japan Environment and Children's Study.
<https://journals.plos.org/plosone/article?id=10.1371/journal.pone.0282725>